

Róum þegar gefur

Við róum þegar gefur; það höfum við alltaf gert. Um miðja síðustu öld gaf til skiptis á síld og loðnu; þá gerðum við út á öllu sem flaut og byggðum gúanó um allt land. En gömlu kuggarnir breyttust í nýtískuleg fiskiskip og gúanóin í álver. Því nú gefur á ál og þá gerum við að sjálfsögðu út á ál, en til þess þarf orku, sem við eigum nóg af. Athafnasaga okkar geymir líka brennisteinsnámur frá dögum Innréttinganna og hvalstöðvar frá byrjun nítjándu aldar, en allt er þetta löngu horfið. Við rérum á þau mið þegar gaf á þau; svo einfalt er það.



Allt sem flaut - breyttist í nútímaleg fiskiskip


Og það var einmitt orkan, sem gerði landið byggilegt í upphafi og stóð undir myndun velmegunnar. En velmegun getur af sér auðnuleysingja, sem ekki þurfa að vinna. Í vöntun á afþreyingu mótmæla þessir ónytjungar ástæðunni fyrir eigin velferð, en þeim er vorkunn því þeir vita ekki betur. Um þverbak keyrir svo þegar 'nei'-arar komast í lykilstöður, því þar úrskurða þeir þvert ofan í vilja landslýðs; oftast þó gegn sér sjálfum.



Gúanó og lifrabræðslur - breyttust í álver

Mannkynssagan sýnir að þjóðfélög verða misgömul. Sum Kínversku valdatímabilin og Indíánaríki Mið- og Suðurameríku urðu margra alda gömul og eitt Rómverska ríkið varð meira að segja sjö hundruð ára. Hinsvegar varð kommúnismi Lenins rúmlega sjötugur og þriðja ríki Adolfs bara tólf ára. Fróðir fræðimenn kenna að menning þróist hægfara í byrjun,

þó með stígvaxandi hraða, og þegar hún kemst í algleymi (þýðing Ö&Ö á 'nirvana') hefst stöðnun, sem leiðir til óafturkræfrar hnignunar og loks endaloka (línurit).



Upphaf endaloka

Sömu fróðu menn telja að utanaðkomandi áhrif—stýrjaldir og náttúruhamfarir—verði menningum ekki að fjörtjóni, heldur eflir þær; endalok menninga verði vegna þess að þær rotna innanfrá. Því gæti þversögnin—að unnið er gegn eigin hagsmunum—verið upphafið að endalokum vestrænnar menningar. Örvæntingarfull verkefnaöflun vísindamanna boðar heimsendi vegna hlýnunar jarðar og og minnir um of á halastjörnuferið fyrir hundrað árum. Herská vinsældaöflun stjórnmálamanna styður þessa vitleysu (Al Gore). Allt er þetta á einn veg; þjóðfélagsformið—við köllum það lýðræði—er að riðlast, innanfrá.

Já, góðir landar; höldum áfram að róa þegar gefur—það er farsælast, þrátt fyrir allt.